

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 2009 í máli nr. E-6242/2008:

**Jóhanna Guðbjörg Bjarnadóttir**

*(Guðni Á. Haraldsson hrl.)*

**gegn**

**Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar**

*(Anton Björn Markússon hrl.)*

Mál þetta höfðaði Jóhanna Guðbjörg Bjarnadóttir, Efstalandi 10, Reykjavík, með stefnu birtri 21. júlí 2008 á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, Vegmúla 2, Reykjavík. Málið var dómtekið 5. janúar sl.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að sú ákvörðun stefnda þann 23. júlí 2002 að greiða stefnanda ellilífeyri samkvæmt meðaltalsreglu gr. 12.4 í samþykktum sjóðsins sé ógild. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Stefnandi var leikskólastjóri hjá Reykjavíkurborg og greiddi iðgjöld til stefnda frá árinu 1959. Hún lét af störfum 15. júlí 2002 og hóf töku lífeyris hjá stefnda.

Um það leyti er stefnandi lét af störfum ritaði hún umsókn um ellilífeyri á eyðublað ætlað stefnda og tveimur öðrum sjóðum. Í eyðublaði þessu er ekki vikið að valkostum um ákvörðun lífeyrisins.

Stefndi sendi stefnanda bréf dags. 22. júlí 2002. Þar segir:

*... er athygli þín vakin á því að samkvæmt samþykktum sjóðsins geta lífeyris sjóðsgreiðslur þínar tekið breytingum með tvennum hætti:*

*Hið sjálfgefna er að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Þessi leið hefur verið nefnd meðaltalsregla.*

*Önnur leið er að þær fylgi föstum dagvinnulaunum sem greidd eru fyrir það starf sem þú vannst síðast eða eftir atvikum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi. Þessi leið hefur verið nefnd eftirmannsregla.*

*Það skal tekið fram að til lengri tíma litið eiga þessar leiðir að vera jafn verðmætar fyrir sjóðfélaga.*

*Óskir þú eftir að með lífeyrisgreiðslur þínar fari samkvæmt eftirmannsreglu þá vinsamlega sendið bréf þetta aftur til sjóðsins innan 3ja mánaða. Sé það ekki gert verður litið svo á að óskað sé óbreytts fyrirkomulags greiðslu og er ekki hægt að óska breytinga á viðmiði eftir þann tíma.*

*... Ef þú óskar frekari upplýsinga er þér velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins sími 5-400-700.*

Þær reglur um ákvörðun lífeyris sem vísað er til í bréfinu er að finna í greinum 12.4 og 12.8 í samþykktum stefnda. Þarf ekki að skýra muninn á þessum tveimur reglum frekar.

Stefnandi staðfesti fyrir dómi að hún hefði fengið framangreint bréf. Hún kvaðst hafa kynnt sér það, en vegna þess sem þar kom fram um að leiðirnar væru jafnverðmætar, hefði hún talið að þetta skipti ekki máli fyrir hana. Hún hefði ekki fengið neinar aðrar leiðbeiningar. Hún kvaðst hafa komist að því á fundi vorið 2005 að yfirvinna hefði verið færð inn í laun leikskólakennara og þá séð að eftirmannsreglan hefði verið hagstæðari fyrir hana.

Fram kom í skýrslum stefnanda og Arents Claessen, sviðsstjóra réttindamála hjá stefnda, að þau hefðu rætt um lífeyri stefnanda um haustið 2005. Þá hefði hann sagt henni frá því að mál annars leikskólastjóra væri til umfjöllunar í stjórn stefnda. Kvaðst stefnandi hafa talið að afgreiðsla þess máls ætti að verða fordæmi um sitt mál. Arent staðfesti að stefnandi hefði haft samband við hann er dómur lá fyrir í máli þessa sjóðfélaga, en um er að ræða mál Soffiu Zophoníasdóttur, hæstaréttarmál nr. 286/2007.

Arent Claessen sagði að sér hefði ekki verið kunnugt um það á árinu 2002 að fyrirhugað hefði verið að færa yfirvinnu inn í föst laun. Hann sagði að fram til 2005 hefði meðaltalsreglan skilað stefnanda meiri hækkunum en eftirmannsregla.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, gaf skýrslu við aðal meðferð málsins. Fram kom hjá honum að fyrsti vísir að því að færa yfirvinnu starfsmanna leikskóla inn í föst laun hefði komið fram með yfirlýsingu með kjarasamningi 2001. Þeirri breytingu hefði verið lokið hjá öllum kennurum á árinu 2005.

Í stefnu er skorað á stefnanda að leggja fram útreikning á ellilífeyri stefnanda miðað við annars vegar eftirmannsreglu og hins vegar meðaltalsreglu. Þessari áskorun sinni stefndi ekki.

Frammi liggja afrit tölvupóstskeyta er gengu á milli stefnanda og Arents Claessen vorið 2008. Má sjá að stefnandi bendir á í skeyti að fallinn sé dómur í áðurnefndu máli og spyr hvort vænta megi leiðréttingar á greiðslum til sín. Þetta erindi ítrekaði stefnandi einu sinni, en var þá svarað fljótt og tilkynnt að ekki væri unnt að leiðrétta lífeyri hennar til samræmis við eftirmannsreglu.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi segir að stefndi sé lífeyrissjóður og að honum sé falið að ávaxta sem best þá fjármuni sem í hann eru lagðir, til þess að sjóðfélagar fái sem hæstan lífeyri. Liður í þessari skyldu sé að veita sjóðfélögum þá faglegu ráðgjöf er þeir eigi rétt á, þannig að þeir njóti bestu mögulegu réttinda.

Stefnandi segir að á þeim tíma er hún hóf töku lífeyris hafi legið fyrir að föst yfirvinna leikskólastjóra hjá Reykjavíkurborg yrði færð inn í grunnlaun þeirra. Þannig myndu föst laun eftirmanns stefnanda hækka meira en meðallaun og lífeyrir þar með. Þetta telur stefnandi að starfsmenn stefnda hafi vitað. Þeir hafi hins vegar ekki gert henni grein fyrir þessu og skýrt þann mikla mun er yrði á lífeyri hennar eftir því hvora regluna hún veldi. Mikill aðstöðumunur hafi verið með aðilum.

Stefnandi vísar til grunnraka 5. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 6. gr. laga nr. 56/2000. Sérfróðum starfsmönnum stefnda hafi borið að leiðbeina henni á hlut lægan hátt. Styður hún mál sitt hér við fordæmi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 286/2007. Hún telur að stefnda hafi borið að kalla eftir upplýstri ákvörðun hennar í því vali er hún stóð frammi fyrir. Sjálfvirkt val samkvæmt gr. 12.4, sbr. gr. 12.8, standist ekki þær kröfur sem gerðar séu í áðurnefndri 5. gr. 34. gr. laga nr. 129/1997. Hún bendir á að umsóknareyðublað stefnda hafi ekki upplýst um þá valmöguleika sem umsækjendur stóðu frammi fyrir.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 eigi sjóðfélagi rétt á því að lífeyrissjóður rökstyðji ákvörðun um réttindi viðkomandi. Val um launaviðmiðun sé slík ákvörðun enda íþyngjandi. Hafi stefnda borið að veita henni kost á rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun að greiða lífeyri samkvæmt gr. 12.4 í samþykktum stefnda.

Stefnandi byggir á því að skylduaðild að lífeyrissjóðum felli þá skyldu á sjóðina að veita sjóðfélögum faglega og hlutlæga ráðgjöf. Hafi borið að setja ákvæði um upplýsingaskyldu í samþykktir stefnda, sbr. 11. tl. 27. gr. laga nr. 129/1997.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi kveðst telja sig hafa farið eftir lögum og samþykktum sínum er lífeyrir stefnanda var ákveðinn.

Stefndi bendir á að meginregla um launaviðmiðun lífeyris komi fram í gr. 12.4, svonefnd meðaltalsregla. Eina undantekningu sé að finna, í gr. 12.8 sé mælt fyrir um svonefnda eftirmannsreglu. Ákvörðun um hvor reglan er valin skuli tilkynna eigi síðar en þremur mánuðum eftir að taka lífeyris hefst. Strangar formreglur gildi í tengslum við þetta val. Sé þetta enda mikilvæg ákvörðun.

Stefndi segir að þessi framgangsmáti sem viðhafður sé byggist á málefnalegum sjónarmiðum. Er sjóðfélagar hefji töku lífeyris séu þeir upplýstir bréflaga um þær reglur sem gildi um lífeyrisgreiðslurnar og muninn á þeim. Hér sé eðli máls samkvæmt um almenna upplýsingagjöf að ræða án nokkurra skuldbindinga eða loforða.

Stefndi segir að eins hafi verið farið með mál stefnanda og allra annarra sjóðfélaga. Henni hafi verið gefinn kostur á að breyta fyrirkomulagi lífeyrisgreiðslanna. Það hafi hún ekki gert.

Þá byggir stefndi á því að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir tómlæti. Fyrsta lífeyrisgreiðsla hafi verið greidd í byrjun ágúst 2002. Hún hafi allt til ársins 2005, í rúmlega þrjú ár, tekið athugasemdalaust við greiðslum.

Stefndi mótmælir því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 286/2007 hafi fordæmisgildi hér. Atvik séu ekki sambærileg. Þá mótmælir stefndi því að hann hafi ekki uppfyllt þær skyldur er hann beri samkvæmt 5. gr. 34. laga nr. 129/1997. Loks mótmælir stefndi því að honum hafi borið að leita eftir upplýstu samþykki stefnanda við val á viðmiðun.

#### *Forsendur og niðurstaða*

Stefnandi krefst í málinu viðurkenningar á að tilgreind ákvörðun stefnda sé ógild. Nánar er það ákvörðun um hvernig lífeyrir stefnanda var ákveðinn og hvernig reikna skyldi breytingar á honum. Er hér byggt á því að unnt var að ákveða tvær ólíkar aðferðir, sem kunna að leiða til ólíkrar niðurstöðu. Krafan er nægilega skýrt afmörkuð til að leyst verði úr henni og ekki er umdeilt að stefnandi hefur fjárhagslega hagsmuni af úrslitum málsins. Er henni heimilt að höfða mál þetta sem viðurkenningarmál samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Eins og að framan greinir var fjallað um stöðu annars sjóðfélaga hjá stefnda í dómi Hæstaréttar 17. janúar 2008, í máli nr. 286/2007. Þar er skýrð 5. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 6. gr. laga nr. 56/2000, en stefnandi byggir í þessu máli mjög á þessu ákvæði. Ákvæðið lýtur samkvæmt orðanna hljóðan einungis að þeim tilvikum að sjóður býður upp á val varðandi ávöxtun iðgjalda og ávinnslu réttinda. Hæstiréttur segir hins vegar: „Samkvæmt grunnrökum að baki [ákvæðinu] verður að gera ríkar kröfur til þess að lífeyrissjóðir veiti sjóðfélögum sínum ráðgjöf og tryggi að þeir hafi lágmarksupplýsingar til þess að geta tekið ákvörðun um þá valkosti sem þeim standa til boða, ekki aðeins varðandi ávöxtun lífeyrисиðgjalda og ávinnslu lífeyrisréttinda heldur einnig ella þar sem val milli fleiri en eins kosts getur skipt máli fjárhagslega fyrir sjóðfélaga.“

Dómurinn er bundinn af þessu fordæmi Hæstaréttar. Að sönnu eru atvik í þessum tveimur málum ekki alls kostar sambærileg, en þessi lögskýring á við í þessu máli jafnt og í því sem dæmt var.

Samkvæmt þessu bar stefnda að veita stefnanda ráð og leiðbeiningar um þá valkosti sem hún stóð frammi fyrir á árinu 2002. Þetta val er ekki einfalt og þær

skýringar sem fram koma í bréfi stefnda frá 22. júlí 2002 fela ekki í sér neins konar ráðgjöf. Þá er sú fullyrðing sem þar kemur fram um að leiðirnar séu til lengri tíma litið jafnverðmætar í það minnsta ónákvæm. Þá getur staðlað bréf ekki komið í stað þeirrar einstaklingsbundnu ráðgjafar sem ákvæðið mælir fyrir um.

Samkvæmt þessu hefur stefnandi ekki notið þeirra leiðbeininga af hálfu stefnda er hún átti rétt á og var forsenda þess að hún gæti tekið upplýsta ákvörðun um mikilvægt atriði varðandi lífeyrisréttindi sín. Ekki er sýnt fram á að stefnandi hafi öðlast vitneskju um þau atriði sem stefnda bar að leiðbeina henni um, fyrr en á árinu 2005. Hófst hún þá handa um að kanna réttarstöðu sína. Hefur hún ekki sýnt af sér tómlæti um réttindi sín. Verður að meta ákvörðun um að reikna lífeyri stefnanda miðað við meðaltalsreglu ógilda.

Stefnda verður gert að greiða stefnanda málskostnað sem að teknu tilliti til virðisaukaskatts er ákveðinn 600.000 krónur.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D ó m s o r ð**

Ákvörðun stefnda, Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, þann 23. júlí 2002 um að greiða stefnanda, Jóhönnu Guðbjörgu Bjarnadóttur, ellilífeyri samkvæmt meðaltalsreglu gr. 12.4 í samþykktum sjóðsins er ógild.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson